



## **Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu), kt. 491181-0289 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:**

### **1. Tilgangur**

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FSu uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

### **2. Hlutverk og megináherslur**

FSu er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSu þjóna því.

Fjölbrautaskóli Suðurlands og hefur sett sér markmið sem finna má á slóðinni

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=48&Itemid=56](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=48&Itemid=56)

Þar koma einkunnarorð skólans fram – **Fjölbreytni – Sköpun – Upplýsing**. Þau byggja á fjölbreyttu námsframboði, mikilvægi þess að kenna skapandi greinar og stefnu á að hafa skapandi kennsluhætti. FSu tók frumkvæði í innleiðingu upplýsingavæðingar/tækni í framhaldsskólum þegar hún var innleidd í framhaldsskólum um sl. aldamót.

Skipurit FSu gerir grein fyrir stjórnskipans skólans.

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=422&Itemid=352](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=422&Itemid=352)

Ein sérstaða skólans er að annast kennslu í fangelsum á Suðurlandi og annast náms- og starfsrágjöf í öllum fangelsum á landinu.

Önnur sérstaða FSu er kennsla í bóklegri – og verklegri hestamennsku með sérhæfðum sérfræðingum sem kenna allt um umhirðu og reiðmennsku íslenska hestsins.

### **3. Viðfangsefni**

FSu stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla.



Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

## a. Skólanámsskrá og námsframboð

Skólanámsskrá FSu er birt á heimasíðu skólans

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=118&Itemid=249](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=118&Itemid=249) unnið er eftir námsskrá í anda laga um framhaldsskóla frá 2001.

Fjöldi námsbrauta við FSu er 23. Þær eru hefðbundnar stúdentsbrautir,

starfsnámsbrautir, íþróttabraut, íþróttakademíur (4) og styttri starfsnámsbrautir.

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=51&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=51&Itemid=80)

Allar brautir skólans starfa skv. samþykkt mrn. Ekki hefur verið hafin innleiðing nýrrar námsskrár skv. lögum um framhaldsskóla 92/2008.

## b. Skólabragur

Á heimasíðu skólans [www.fsu.is](http://www.fsu.is) eru allar reglur og stefnur skólans birtar. Þá eru árlegar starfsskýrslur einnig birtar þar.

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=82&Itemid=111](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=82&Itemid=111)

Stefna og vinnuferlar gegn einelti er að finna á slóðinni

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1636&Itemid=475](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1636&Itemid=475)

Endurskoðuð jafnréttisstefna er á slóðinni

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1963&Itemid=496#jafnrettisaetlun](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1963&Itemid=496#jafnrettisaetlun)

Forvarnarstefna FSu er virk og annast forvarnarfulltrúi umsjón forvarna með stuðningi frá forvarnarteymi sem skipað er 3 starfsmönnum.

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1963&Itemid=496](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1963&Itemid=496)

Samstarf er við Árborg um samræmingu forvarnastefnu.

Unnið er samkvæmt heildstæðri forvarnarstefnu undir heitinu „Skólinn í okkar höndum“. Markmið þess er heildstæð forvörn líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu - til eflingar lærdómssamfélagi FSu.“

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1345:gegn-einelti&catid=63:yमित्ज्णुस्तु&Itemid=382](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1345:gegn-einelti&catid=63:yमित्ज्णुस्तु&Itemid=382)

Foreldraráð er starfrækt við skólann en það er í samvinnu um aðkomu foreldra að skólastarfi og er tengiliður á milli heimila og skóla. Á vefnum er að finna allar upplýsingar um foreldraráð og þá starfsemi sem það stendur fyrir, fundargerðir og annað sem að því snýr.

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=86&Itemid=115](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=86&Itemid=115)

Skólanefnd FSu er skipuð af stjórnvöldum og sveitafélaginu, jafnframt sem áheyrnafulltrúar kennara, foreldra og nemenda sitja í nefndinni. Í upphafi árs 2013 verður skólanefnd skólans endurnýjuð. Starfstími skólanefnda eru fjögur ár.



[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=90&Itemid=119#skolanevnd](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=90&Itemid=119#skolanevnd)

## c. Innritun og brotthvarf

Á slóðinni

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1595&Itemid=265](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1595&Itemid=265) er að finna reglur um innritun.

Brottfall úr FSu árið 2012 var 10,7% sem er of hátt.

Það skal tekið fram að skólinn tekur inn alla nemendur sem sækja um skólavist og því er nemendahópurinn fjölbreyttur og er það hluti skýringar brottfalls.

## d. Kennslufyrirkomulag

FSu er áfangaskóli og fer kennslan fram í stundarskrárstokkum. Nemendur taka frá 17 – 22 einingar á önn. Kennsluárinu er skipt í tvær annir – vorönn – haustönn. Að öðru leiti fer kennslufyrirkomulagið eftir kjarasamningi KÍ varðandi fjölda kennsludaga og prófadaga á önn. Dagatal skólans er birt á forsíðu fsu.is.

## e. Nemendur með sérþarfir

Starfsbraut FSu er með þeim stæstu á landinu. Nemendurnir eru afar mismunandi og þurfa mjög ólíka þjónustu.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku læra ÍSA – íslensku fyrir útlendinga. Nemendum sem ekki hafa lokið námsefni grunnskóla er boðin skólavist og fara í undirbúningsáfangu fyrir framhaldsskólaáfangu (fornám).

Nemendur með opin læknisvottorð eru undanþegnir almennum mætingareglum skólans.

Nemendur með greiningar eru undir handleiðslu náms – og starfsráðgjafa sem tilkynna, dulkóðað til hlutaðeigandi kennara þar um.

Nemendur sem eiga sögu um slaka mætingu eru undir stöðugu eftirliti hjá náms – og starfsráðgjöfum.

## Mat og eftirlit með gæðum

Skýrslur um innra mat á starfsemi skólans er að finna á slóðinni

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1345:gegn-einelti&catid=63:ymistjonusta&Itemid=382](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1345:gegn-einelti&catid=63:ymistjonusta&Itemid=382) Það er þriggja manna teymi sem annast þessa vinnu. Ný skýrsla er gefin út árlega og birt jafnóðum á vef skólans.

Ekki liggur fyrir hvenær síðasta heildarúttekt var gerð en það er alllangt síðan.

## 4. Sérstök rekstrarverkefni

Við skólann er heimavist/nemendagarðar, 31 tveggja manna íbúð sem einkum eru nýttar af nemendum sem koma lengra að. Fasteignafélagið Árfoss er eigandi nemendagarðanna.



## 5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

**Sjá viðauka 1.**

## 6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FSu. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

### a. Fjölbrautaskóli Suðurlands

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykka áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum fráviks og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

### b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.



- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

## 7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_  
Mennta- og menningarmálaráðherra

\_\_\_\_\_  
Skólameistari